

Ísafjarðarbær
Jóhann Birkir Helgason
sviðsstjóri framkvæmda- og rekstrarsviðs
Hafnarstræti 1
Pósthólf 56
400 ÍSAFJÖRÐUR


Garðabær, 07. júní 2011
2011050003/42-0
TB
gg/tb


Deiliskipulag fyrir Reykjanes, Ísafjarðardjúpi, Súðavíkurhreppi

Vísað er til bréfs frá Ísafjarðarbæ, dags. 29. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um deiliskipulagslýsingu fyrir Reykjanes, Ísafjarðardjúpi, Súðavíkurhreppi. Í bréfinu kemur fram að hafin er vinna við gerð deiliskipulagsins. Beðist er velvirðingar á því hve dregist hefur að svara erindinu.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur farið yfir erindið og eins og kemur fram í forsendum að deiliskipulaginu er margt sérstakt um náttúrufar á Reykjanesi en þar er eitt mesta hverasvæði á Vestfjörðum, sérstætt gróðurfar, fjölskrúðugt fuglalíf og sérkennilegar sjárvarrofsmyndanir. Ekki liggja fyrir neinar deiliskipulagstillögur á þessu stigi. Náttúrufræðistofnun vill taka undir þau sjónarmið sem koma fram í framangreindu bréfi um stefnu sveitarfélagsins í náttúruvernd eins og hún birtist í aðalskipulagi þess (bls. 4 í bréfinu) og að deiliskipulagið taki því væntanlega mið af þeirri stefnu. Náttúrufræðistofnun vill benda á að nauðsynlegt er að afla sem gleggstra upplýsinga um svæðið, kortleggja og meta einstaka náttúrufarsþætti, þ.m.t. til dæmis búsvæði einstakra tegunda, áður en ákvarðanir eru teknar um einstaka þætti í deiliskipulaginu sjálfu ef vel á að takast til í samræmi við stefnu sveitarfélagsins. Ef grunnvinnan, náttúrufarsúttekt, er vel unnin og tillit tekið til náttúrufars eru minni líkur á því að deiliskipulagið hafi neikvæð áhrif og engin ástæða til að ætla að t.d. ferðaþjónusta og vernd svæðisins geti ekki farið vel saman.

Virðingarfyllt


Guðmundur Guðmundsson
staðgengill forstjóra


Trausti Baldursson

